

Ráðstefna: Kennsluakademía opinberu
háskólanna 2023

Ragný Þóra Guðjohnsen
Lektor á Menntavísindasviði

Gæði háskólanáms:
Aðstæðubundinn skilningur

Gæðaviðmið í Evrópu

- 1999: Bologna yfirlýsingin - stefnumótun um gæði háskólanáms og samanburðarhæfi náms
- 2000: Evrópusamtök um gæði æðri menntunar – ENQA - samráðsvettvangur evrópskra háskóla um að styðja við góðar starfsvenjur og fagmennsku
- 2010: Samevrópskt háskólasvæði – EHEA
- 2015: Kröfur og leiðbeiningar um gæði á sviði æðri menntunar í Evrópu – ESG 2015
- Ísland
 - ESG
 - Rammaáætlun Gæðaráðs háskóla
 - Stefna háskóla



Mælingar á gæðum


Gæðamatslistar eins og Times Higher Education (THE) byggja t.d. matið á

- hlutfalli kennara og nemenda
- hlutfalli akademískra starfsmanna sem hafa doktorspróf
- fjölda alþjóðlegra nemenda
- fjölda rannsóknarbirtinga akademískra starfsmanna
- fjölda tilvísana til þeirra rannsóknabirtinga




Er verið að meta gæði kennslu?

Teaching (the learning environment)




Research (volume, income and reputation)




Citations (research influence)



International outlook (staff, students, research)



Industry income (knowledge transfer)



Skilgreiningar fræðimanna á gæðum

- Gæði kalla á umbreytingar (e. quality as transformation); uppfylla væntingar (e. fitness for purpose); skapa virði (e. quality as value for money) (Dicker o.fl., 2019; Harvey og Green, 1993)
- Ytri og innri viðmið
 - Alþjóðleg ytri gæðaviðmið; almannafé nýtt á ábyrgan hátt; námsframboð og áherslur taka mið af samfélagslegum breytingum og áskorunum; nám undirbúi nemendur undir fjölbreytt störf (Williams og Harvey, 2015)
 - Innri gæðaviðmið stofnana; styðja við gæði náms, kennslufræðilega þætti og hæfni kennara í kennslu og stjórnun stofnana; kröfur um tæknivæðingu og lýðræðislega starfshætti (Boekaerts, 2016; Schindler o.fl., 2015)
- Gæðamenning (e. quality culture) vísar til viðhorfa innan stofnana til gæða og gæðastarfs - öflugs námssamfélags með áherslu á virka þátttöku, skuldbindingu og helgun (Bendermacher o.fl., 2019; Hildesheim og Sonntag, 2020; Vlachopoulos og Makri, 2019)

Aðstæðubundin túlkun gæðahugtaksins

Mismunandi hugmyndir hagaðila um gæði háskólamenntunar

- Atvinnurekendur tengja gæði náms gjarnan við persónulega færniþætti nemenda og tengsl háskóla við samfélagið
 - Nemendur og starfsfólk háskóla leggja áherslu á gildi öflugs námssamfélags með áherslu á góð samskipti og tengsl kennara og nemenda
 - Nemendur sem viðskiptavinir, horfa á menntun sem leið til að skapa verðmæti
- Virk samræða um gæði milli ólíkra hagaðila innan háskólasamfélagsins mikilvæg fyrir þróun gæðamenningar (Gourlay og Stevenson, 2017; Hildesheim og Sonntag, 2020)



Gagnrýnið sjónarhorn á stöðlun

- Hætta á að horft sé á menntun út frá þröngu fræðilegu sjónarhorni
 - viðskipta- og hagfræðilegu sjónarhorni og horfi ekki til sjónarmiða um menntun sem leið til aukins þroska þar sem nemendur læra að taka þátt í gagnrýnum, lýðræðislegum samræðum þar sem sett eru fram um sjónarmið og unnið að því að finna góðar lausnir til þess að bregðast við brýnum samfélagslegum álitamálum (Gallagher, 2018)
- Getur flatt út menningarlegan margbreytileika og dregið út sveigjanleika til að innleiða nýjar og skapandi lausnir í háskólanámi
- Alþjóðleg gæðaviðmið nýtist betur ákveðnum forréttindahópi (de Wit og Altbach, 2021)
- Aukið álag/kröfur í starfi háskólakennarar (Dicker o.fl., 2019)
 - Aukin krafa um kennslufræðilega þekkingu háskólakennara (Anna Ólafsdóttir og Guðrún Geirsdóttir, 2022)
 - Krafa um tækniþekking kennara (Dicker o.fl., 2019; Marcelo og Yot-Domínguez, 2019; Guðrún Geirsdóttir og fl., 2020; Jónína Helga Ólafsdóttir og Ásta Möller, 2017) og nemenda (Cabero o.fl., 2021)
- Vegið að akademísku frelsi háskólakennara og sveigjanleika í kennslu (Frímannsson o.fl., 2022)



Samfélagslegar áskoranir tengdar háskólanámi og viðbrögð við þeim

- Breyttar aðstæður háskólanema, vaxandi atvinnuþátttaka og ríkar fjölskylduskyldur (sjá t.d. Þuríður Jóna Jóhannsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2018; 2020; 2022)
- COVID-19 faraldurinn opnaði á skapandi lausnir
- Stofnun Kennsluakademíu opinberu háskólanna á Íslandi árið 2021




Aðferð

Viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur

28 þátttakendur

Einstaklingsviðtöl/rýnihópaviðtöl

- Gæði náms og kennslu
- Leiðir sem styðja við gæði náms og kennslu



Gæði náms og kennslu felast í

➤ Hagnýt þekking og hæfni fyrir samfélagið

- Tengja fræði og vettvang

➤ Vandaðir kennsluhættir og vinnubrögð

- Stjórnendur – vandaðir
- Nemendur – nútímalegir
- Kennarar – Umbreytandi nám – ekki neysluvara, persónuleg merking og atbeini nemenda

Nemendur: „Allir þeir áfangar sem hafa gert mann að betri fagmanni“.

„Það mætti auka [kennslu í] hvernig þú kennir, út af því að þú ert rosalega mikið að læra þetta fræðilega sem að náttúrulega hjálpar þér en ... ég svona kvíði því svolítið að fara inn í skólann því mér finnst ég ekki kunna að kenna“

Kennarar: „Er það bara það að nemendum líði vel og að skipulagið sé gott eða eru gæði kennslunnar fölgín í því hvað gerist þegar nemandinn fer síðan frá okkur? ... Ég held að við eigum að horfa meira á það, erum við að skíla fólki út með þá þekkingu og hæfni sem að þarf úti í samfélaginu?“

Stjórnendur: „Aukin áhersla á að styðja við fræðilega nálgun í háskólakennslu – gæðamenningu“

„[Við megum] ekki gera nemendum of mikla greiða ... þá er enginn sem kvartar ... kennarar kannski gera of mikið til að halda nemendum inni“

Stjórnendur: „ Kennurum er boðið fullt af alls konar námskeiðum t.d. við að nota tæknibúnað ... [og] kennslufræði háskóla

Kennarar: „Ákveðinn hópur nemenda hefur „áhuga“ á ... djúpu námi eða umbreytandi“ en kennarar finna fyrir breyttu viðhorfi nemenda til náms og eigin hlutverks í námi. Upplífa að sumir nemendur mæti sem viðskiptavinir og „neytendur að þekkingu“ og fari svo óbreyttir út í heiminna

„Gæði náms og kennslu felast í umbreytandi kennsluháttum ... mörgum aha [og] ... úps mómentum“ Jafnvel talað um að „höggva svo mikið í heimsmynd nemenda að þeim líður illa“ (e. pedagogy of discomfort)“.

Gæði náms og kennslu felast í

➤ Skýrar kröfur

- Gott skipulag og umgjörð

Nemendur: „Auðvitað vill maður að kennarinn sé sveigjanlegur en maður vill líka að hann sé með ákveðið aðhald“

„Það þarf að standa við hverja námsleið hvort það er í boði í fjarnámi og í hvaða formi, hvort að það er mæting á netinu og svo framvegis ... hvaða kröfur eru gerðar um helgun“.

➤ Mikilvægi góðra samskipta

- Umhyggja, traust, virðing

Kennarar: „Ég vil leggja áherslu á persónulegt samband [við nemendur] og að reyna að komast út úr þessu stígveldissambandi nemenda og kennara ... mæta nemanda á jafnréttisgrundvelli og ... vera í persónulegu sambandi ... þið [nemendur] eruð ekki að trufla mig, ... ég er alltaf að hugsa um ykkur sem manneskjur, ekki sem nemendahóp“

Leiðir sem styðja við gæði náms og kennslu

➤ Umbótastarf; þróun náms og kennslu

➤ Öflugt námssamfélag

Kennarar og stjórnendur

➤ Samvinna kennara

Nemendur: Endurtekníngar og skörun á viðfangsefnum milli námskeiða dregur úr gæðum náms að mati nemenda. Einn nefndi dæmi um kennsluáætlun sem við skoðun byggði á „þremur öðrum áföngum sem að þetta námskeið var bara úr“
Nauðsynlegt að ræða þetta við kennara og samtalið aukí gæði

Kennarar: Rauntímasamtal og samvinna mikilvæg

Kennarar: „Það sem ég er búinn að læra, finnst mér, að ég þarf ekki alltaf að uppfræða [nemendur], þau læra eiginlega meira af því að miðla sinni þekkingu, ... af því að sem hópur hafa þau meiri þekkingu og meiri reynslu heldur en einhver einn einstaklingur, hvort sem það er ég eða einhver annar ... það að þeim sé treyst fyrir því að skilgreina sjálf svona hugtök gerir þau svo miklu tilbúnari síðar til að fara og lesa um þetta, þá verða þau miklu áhugasamari, ná að fara meira á dýptina og þetta er fyrir þau en ekki fyrir mig að mata þau á hugtökum“.

Stjórnendur: „Þetta mikla samstarf á milli kennara og á milli námskeiða stuðlar að auknum gæðum og að við séum þá kannski meðvitaðri um það fljótt að grípa það ... ef einhver er að missa boltann“.

Lýðræðisleg umræða um
hlutverk háskólamenntunar
þarf að halda áfram -
gæðaumræðan einn
þáttur hennar

Lykilhlutverk
háskólakennara að stuðla
að gæðanámi sem
umbreytandi afli fyrir
einstaklinga og samfélög

